

in upp á ný, er var aðsvitað í fersku minni margra, og gengið hafði sem arfsögn í söfnuðinum, en nú orðin blönduð grísku heimspekinni, svo að búið var að hefja persónu Jesú, að dæmi Páls, er vildi gjöra hann yfirmannlega veru að nokkru leyti, upp í guða töluna. Og var henni í fyrstu vel tekið víða og þar á meðal í Róm, svo Róma byskup, er ekki var þá orðinn páfi, féllst á hana. En bráðum komu andmæli, og brutu andmælendur á, að í heila öld hefði hinn kristni flokkur forðast þessa villu, er væri gyðingdómur og Ebjónitiska.

Deilan enti þannig, að Páll frá Samosata var rekinn frá byskupsdæmi sínu árið 269, og 3 árum síðar útbyggt úr kristnum sið. En þeirri deilu var ekki lokið með því. Hún aðeins lá niðri meðan á ofsókn Galeriusar stóð, gegn kristnum mönnum, er stóð með mikilli grimmd í rúm 10 ár, upp að árinu 311. Og voru ofsóknirnar mest reknar austur í Asíu og Egyptalandi, þar sem þessar skoðanir áttu dýpstar rætur.

Líkt og með kenningar kyrkjunnar voru óteljandi mismunandi skoðanir á siðum og reglugjörðum kyrkjunnar, er valdandi urðu þungum deilum svo að einlægir smáklofningar áttu sér stað. Aðallega var það um það, hve fara ætti með þá, er fallið höfðu frá trúnni, meðan á ofsóknunum stóð. Því það voru altaf til nógu margir, er unnu sér það til lífs, að fórnfæra fyrir skurðgoðunum, þegar þess var krafist. Nokkrir vildu ekki leyfa þeim inngöngu til fullra réttinda á ný, eins og Novatian byskup í Róm, og ennfremur láta víkja þeim öllum úr kyrkjunni er drýgði einhverja glæpi. Það var puritana flokkur þeirra tíma. Aðrir héldu fram að kyrkjan væri líkt og Nóa-örkin, full hreinum og óhreinum dýrum, og yrði svo að vera til síðasta dags. Þeir unnu að lokum sigur, því þeim megin var fjöldinn, enda hagnaður safnaðanna mælti sterklega með því að þeim væri ekki útskýfað er vera vildi með.

Upp að árinu 325 er tæpast hægt að tala um nokkra eina almenna skoðun á nokkrum lærdómum og siðareglum kristninnar, og því „conformity“ manna og hlýðni eða undirgefni undir eina skoðun, varð að miðast við skoðanina á þeim stað er þeir